

28. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 19. mars 2013, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Aðalsteinn Arnarsson, Hildur Ösp Gyldfadóttir í síma, Björg Traustadóttir fulltrúi foreldra, Valgerður Ósk Einarsdóttir fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari. Jónína Magnúsdóttir og Sigurður Valur Ásbjarnarson boðuðu forföll og ekki náðist í varamenn.

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna.

Dagskrá:

1 Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar. Fundargerðin samþykkt.

2 Ástand skólahúsnæðis

Skólameistari lagði fram samantekt um ástand skólhúsnæðis sem sent var til bæjaryfirvalda í Fjallabyggð. Samantektinni fylgja myndir af ýmsum vandamálum og skemmdum sem eru á húsinu. Óskaði skólmeistari eftir upplýsingum um það hvað Fjallabyggð, sem eigandi hússins, hygðist gera í viðhaldi hússins. Afrit af bréfinu var sent til ráðuneytis því til upplýsingar. Samantektin og bréf skólameistara verða tekin fyrir í bæjarráði.

Skólameistara er falið að óska eftir heildstæðri áætlun frá Fjallabyggð um hvernig staðið verði að viðhaldi á húsnæðinu.

3 Bréf vegna viðbyggingar

Lögð fram tillaga að bréfi vegna viðbyggingar/stækkunar á skólahúsnæði sem skólameistara og formanni skólanefndar var falið að senda ráðuneyti. Í bréfinu er farið fram á að hugað verði að viðbyggingu við skólann og rýmisþörf skólans metin með tilliti til núverandi aðstæðna og nemendaspár. Nokkrar umræður urðu um stöðu mála. Nefndarmenn samþykkja framlagt bréf sem sent verður ráðuneyti hið fyrsta.

4 Frásagnir af skólastarfi

Skólameistari gerði grein fyrir að skólastarf gengi mjög vel. Hvað varðaði þjónustu við nemendur þá kemur sálfræðingur hálfsmánaðarlega og hefur hann verið fullbókaður. Bjarkey Gunnarsdóttir náms- og starfsráðgjafi mun fara í leyfi í apríl og mun sálfræðingurinn koma oftár á því tímabili þar sem ekki hefur tekist að fá afleysingamann fyrir Bjarkeyju.

Nemendur í listljósmyndun munu taka þátt í ljósmyndasýningu í Bandaríkjunum að tilstilli bandaríks gestakennara sem kom í miðannarviku og kenndi. Þá mun hljómsveitin Turtle Taco Experience sem starfar í skólanum, taka þátt í Músiktilraunum nú í vikunni með tvö frumsamin lög. Nemendur af starfsbraut fara einnig með stuttmynd sem þeir hafa tekið upp og unnið, í stuttmyndakeppni starfsbrauta sem fram fer á fimmtudagskvöld í Reykjavík.

Þann 5. apríl verður skólinn með kynningu á ráðstefnu í Reykjavík á vegum Samtaka áhugafólks um skólaþróun. Björgunarsveitarnámið gengur mjög vel og hefur vakið eftirtekt. Fulltrúar SL hafa verið duglegir að koma og vera með. Stefnt er að því að hafa styttra björgunarnám í miðannarvikum þar sem ekki er grundvöllur fyrir svo viðamiklu björgunarnámi á hverju ári. Útivistarnámið gengur einnig mjög vel og hefur komið vel út. Miðannarvikan gekk mjög vel að þessu sinni.

Skólameistari upplýsti að alls hefði hefðbundin kennsla fallið niður 7 skóladaga á þessu skólaári. Athugun hefði hins vegar leitt í ljós að nemendur hefðu lært heima þessa daga og kennarar leiðbeint þeim eftir föngum. Það hefði því ekki reynst þörf á að bæta við skóladögum eins og óttast hefði verið.

Skólameistari hvatti nefndarmenn til að vera vinir skólans á Facebook. Þar koma fram fréttir um skólastarfið og eru þær mikið skoðaðar.

8 Önnur mál

8.1 Samgöngur

Aðalsteinn Arnarsson lýsti yfir áhyggjum sínum vegna þeirra aðstæðna sem upp hafa komið varðandi skólaakstur þegar vond eru veður. Rætt um hvort Vegagerðin gæti staðið sig betur í mokstri á leiðinni Siglufjörður-Ólafsfjörður. Einnig rætt um strætósamgöngur sem ekki nýtast skólafólki á svæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.10

Fundargerð ritaði

Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir